



Leiðbeiningar í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 2026

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí 2026. Í ljósi þess hafa **Persónuvernd**, **Fjölmiðlanefnd**, **Fjarskiptastofa**, **CERT-IS** og **landskjörstjórn** í samstarfi við **Ríkislögreglustjóra**, sett saman eftirfarandi leiðbeiningar til stjórnmalasamtaka eða einstaka framboða um rétt einstaklinga til rétttra upplýsinga, öryggis, friðhelgi, persónuverndar og markaðssetningar. Þá geta leiðbeiningarnar einnig nýst almenningi til upplýsinga um þau lög og reglur sem gilda í aðdraganda kosninga.



Framlag Fjölmiðlanefndar vegna sameiginlegra leiðbeininga í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Fjölmiðlar eru sérstaklega mikilvægir í aðdraganda lýðræðislegra kosninga og gegna lykilhlutverki við að veita almenningi hlutlægar fréttir og upplýsingar vegna hinnar lýðræðislegu ákvarðanatöku.

- Fjölmiðlar skulu gæta að hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.
- Fjölmiðlar skulu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi.

Ríkari skyldur eru lagðar á Ríkisútvarpið en aðra fjölmiðla í aðdraganda kosninga.

- Ríkisútvarpið skal kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga.
- Ríkisútvarpið skal ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.

Auglýsingar og kostað efni skal vera merkt auglýsanda eða ábyrgðarmanni. Heimilt er að sekta frambjóðendur, ef þeir taka þátt í að fjármagna eða birta efni eða auglýsingar í tengslum við stjórnmalabaráttu, án þess að fram komi við birtingu að efni sé birt að tilstuðlan eða með þátttöku þeirra.

- Í auglýsingasafni Meta ([Ad library](#)) er hægt að fletta upp auglýsingum og fá upplýsingar um þær. Safnið nær til allra auglýsinga á facebook og Instagram.



Aðgerðir TikTok í aðdraganda kosninga

- ▶ Pólítískar auglýsingar eru ekki leyfðar á TikTok.
- ▶ Efni sem unnið er með gervigreind verður merkt sem slíkt af TikTok.
- ▶ Ekki er heimilt að gera djúpfölsuð myndbönd af frambjóðendum með aðstoð gervigreindar, slíkt efni verður fjarlæggt sjálfkrafa af miðlinum.
- ▶ Hópfjáröflun (e. crowd funding) er ekki leyfð á Tik Tok.
- ▶ Aðeins er heimilt að pósta efni frá fyrstu hendi (e. organic content).
- ▶ Efni þarf að vera í samræmi við viðmiðunarreglur (e. guidelines).
- ▶ Óheimilt er að greiða áhrifavöldum fyrir að fjalla um frambjóðendur eða pólítíska flokka. Slíkt efni verður fjarlæggt og við alvarlegum brotum geta áhrifavaldar misst TikTok reikninga sína.
- ▶ Hægt er að tilkynna um meint brot á viðmiðunarreglum í gegnum appið. Ef um alvarleg brot er að ræða er hægt að tilkynna um það til Fjölmiðlanefndar.

Staðfesting reikninga á samfélagsmiðlum

Frambjóðendum og stjórnmalaflokkum stendur til boða að fá reikninga sína staðfesta (e. verified) á helstu samfélagsmiðlum. Slík staðfesting getur aukið trúverðugleika, dregið úr hættu á ruglingi við gerviaðganga og auðveldað kjósendum að bera kennsl á opinbera aðila.

- ▶ Á miðlum Meta (Facebook og Instagram) er hægt að sækja um staðfestingu [hér](#).
- ▶ Á TikTok er hægt að sækja um staðfestingu [hér](#).

Mælt er með að frambjóðendur nýti sér þessa möguleika til að tryggja gagnsæi og áreiðanleika í samskiptum við kjósendur.



FJÖLMÍÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



PERSÓNU
VERND



Fjarskiptastofa



Landskjörstjórn



RIKISLÖGREGLUSTJÓRI



CERT·IS

Fjaraskiptastofa hefur litið svo á að markaðssetning nái til þess þegar stjórn málaflakkar eða framboð hafa samband við einstaklinga til að kynna hugmyndir sínar, hlutverk eða óska eftir stuðningi.

Við markaðssetningu þurfa stjórn málasamtök og einstök framboð að gæta að ákvæðum fjaraskiptalaga nr. 70/2022 sem setja ákveðnar takmarkanir á fjaraskipti í markaðslegum tilgangi. Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Samþykki er nauðsynlegt

- ▶ Óheimilt er að senda tölvupósta, sms eða önnur rafræn skilaboð í markaðslegum tilgangi nema viðtakandi hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkum fjaraskiptum.

Bannmerking í símaskrá

- ▶ Gildir aðeins um símtöl.
- ▶ Bannmerkingar má skoða á ja.is og 1819.is.
- ▶ Slíkar merkingar verður ávallt að virða.

Úthringi- og útsendingarlistar

- ▶ Mikilvægt er að uppfæra úthringi- og útsendingarlista reglulega.
- ▶ Skýlt er að virða óskir einstaklinga um afskráningu af slíkum listum.
- ▶ Einstaklingar eiga alltaf rétt á að vita hvaðan upplýsingar koma sem notaðar eru til úthringinga.

Ábyrgð

- ▶ Ábyrgð fjaraskipta hvílir á þeim sem hefur ákveðið að markaðssetja sig með þeim hætti.
- ▶ Ef þjónusta er keypt af þriðja aðila er það kaupandinn sem ber ábyrgð á réttleika útsendingar- og úthringilista.
- ▶ Nafn og heimilisfang sendanda tölvupósts í markaðslegum tilgangi á að koma skýrt fram.

Möguleg viðurlög

Fjaraskiptastofa getur lagt á stjórnvaldssektir ef brot vegna óumbeðinna fjaraskipta eru alvarleg eða ítrekuð.

Á vef Fjaraskiptastofu má finna [ítarlegri upplýsingar um óumbeðin fjaraskipti](#).

Öryggi á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninga

Í aðdraganda kosninga er við hæfi að draga fram bestu venjur varðandi öryggi á samfélagsmiðlum. Ef aðgangur glatast eða annar öryggisbrestur á sér stað, geta miðlarnir verið notaðir til að dreifa rangfærslum og falsfréttum. Reynslan sýnir að töluverðan tíma getur tekið að endurheimta aðganga og þeim tíma sem er varið í að tryggja öryggi styttr ferlið.

Lykilorð

- Ekki nota sama lykilorðið á fleiri en einum stað
- Blandaðu saman hástöfum, lágstöfum, táknum og tölustöfum
- Nota löng lykilorð, 14 stafir eða lengra bætir öryggi lykilorðs verulega
- Nota lykilorðabanka (e. password manager)
- Nota lykilotsetningu í stað lykilorðs

Fjölþátta auðkenning

Til viðbótar við sterk lykilorð þá er orðin góð venja að nota fjölþátta auðkenningu (e. multifactor authentication), oft vísað til sem MFA eða 2FA. Notendur setja þá upp snjallforrit á símanum sínum sem sýnir tímabundinn kóða til viðbótar við lykilorð við innskráningu. Dæmi um slík snjallforrit eru DUO, Microsoft Authenticator, Google Authenticator og Authy. Þetta bætir öryggi við innskráningu verulega og getur komið í veg fyrir mörg innbrot.

Stillingar og yfirferð

Góður vani er að fara reglulega yfir öryggisstillingar, skoða hvort eitthvað hafi breyst og grípa strax til umbóta ef þörf er á. Misjafnt er milli þjónustuaðila hvaða stillingar eru í boði en helstu stillingar sem er vert að skoða er að virkja tilkynningar um tilraunir til innskráninga, virkja trausta tengiliði sem staðfestingaraðila og skrá sig sem þekkta aðila (e. verified account, confirmed identity).

Að lokum viljum við benda á [Hollráð](#) CERT-IS, ítarlegri upplýsingar um [lykilorð og lykilorðabanka](#), [fjölþátta auðkenningu](#) og [öryggi á samfélagsmiðlum](#).



Þegar stjórnálagssamtök eða framboð nota persónuupplýsingar í markaðssetningu, ekki síst á samfélagsmiðlum, bera þau ábyrgð á að sú vinnsla persónuupplýsinga samrýmist persónuverndarlögum. Persónuvernd beinir eftirfarandi leiðbeiningum til samtakanna/framboðanna:

Vegna notkunar þeirra á persónuupplýsingum kjósenda í þágu markaðssetningar (til dæmis með útsendingu auglýsinga- og tölvupósts, símhringingum og hliðstæðum aðferðum), að:

- ▶ gæta þess að heimilt sé að nota persónuupplýsingar, t.d. nöfn, símanúmer, heimilisföng og netföng, í þessum tilgangi.
- ▶ öll skilaboð, hvort sem þau eru send með tölvupósti eða öðrum hætti, beri skýrt með sér hvaðan þau koma og gefi kost á einfaldri leið til að andmæla vinnslunni.
- ▶ virða andmæli einstaklinga við frekari markpósti eða -símtölum, óháð því hvort viðkomandi sé skráður á bannskrá Þjóðskrár.

Vegna notkunar þeirra á samfélagsmiðlum, að þau:

- ▶ merki auglýsingar þannig að skýrt komi fram að þær tengist kosningum og hver kosti þær.
- ▶ hafi auglýsingar sínar þannig að þær leiði notendur með einföldum hætti inn á vefsíður með skýrum upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga, ábyrgðaraðila hennar og tilgang, leiðir til að fá frekari skýringar á vinnslunni og hvernig megi andmæla henni.
- ▶ noti ekki „Eigin markhópa“ (e. custom audiences) og „Líkindamarkhópa“ (e. lookalike audiences) til þess að beina auglýsingum að fólki á Facebook – en noti fremur almenna markhópa, svo sem á grundvelli staðsetningar, kyns og aldurs.
- ▶ noti ekki afleiddar persónuupplýsingar, þ.e. þær sem unnar eru út frá hegðun notenda á samfélagsmiðlum, svo sem því sem notendur líka við, deila eða hafa áhuga á.
- ▶ noti ekki persónusnið til að hvetja einstaklinga til að nýta ekki kosningarétt sinn.

Vegna notkunar þeirra á gervigreind, að þau:

- ▶ noti gervigreind á ábyrgan hátt og virði einkalíf fólks og mannhelgi.
- ▶ hugi sérstaklega að fræðsluskuldunni, m.a. með því að:
 - merkja skýrt þegar myndir eða myndskreið af fólki eru búin til með gervigreind.
 - útskýra hvernig gervigreind er notuð við vinnslu persónuupplýsinga í kosningabaráttunni.
- ▶ hugi vel að því að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar, m.a. með því að:
 - nota ekki djúpfalsaðar myndir eða myndskreið af fólki til að villa um fyrir eða blekkja kjósendur.
 - staðreyna upplýsingar sem gervigreind býr til áður en þær eru birtar eða notaðar í kosningabaráttunni.

Sjá nánar [álit Persónuverndar nr. 2022010107](#) sbr. einnig [fyrra álit um sama efni nr. 2020010116](#).

Landskjörstjórn vill vekja athygli framboða og frambjóðenda á nokkrum atriðum sem varða framkvæmd kosninga og mikilvægt er að hafa í huga:

- ▶ Landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir sveitarfélaga veita upplýsingar og leiðbeiningar um framkvæmd kosninga til sveitarstjórna. Á kosning.is og vefsíðum sveitarfélaga eru birtar fréttir og tilkynningar auk upplýsinga um framkvæmdina.
- ▶ Um framkvæmd kosninga gilda kosningalög ásamt reglugerðum og reglum sem eru í gildi hverju sinni. [Hér er hlekkur á yfirlit laga, reglugerða og reglna.](#)
- ▶ Varast ber að spyrja gervigreind um framkvæmd kosninga og hvaða lög og reglur gilda. Sé það gert er mælt með því að staðreyna að upplýsingarnar séu réttar.
- ▶ Umboðsmenn framboða gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd kosninga en þeir fylgjast með því að kosningar fari fram í samræmi við kosningalög og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Umboðsmenn hafa m.a. heimild til þess að vera viðstaddir kosningu á kjörstað og talningu atkvæða. Þeir geta fengið athugasemdir sínar og ágreining bókaðan í gerðabækur. Um umboðsmenn er nánar fjallað í kosningalögum og [í reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024.](#)
- ▶ Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga lýsa úrslitum kosninganna með því að birta þau á vef sveitarfélagsins. Kosningaskýrslur sveitarfélaga eru einnig birtar á vef landskjörstjórnar.
- ▶ [Lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006](#) fjalla um starfsemi stjórnmalasamtaka og hvað ber að hafa í huga við skráningu þeirra og framboð. Þar er fjallað um gagnsæi í stjórnmalabaráttu og bann lagt við nafnlausum áróðri í því sambandi. Lögin taka jafnframt til fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga sem og almennra fjárframlaga til stjórnmalastarfsemi, reikningsskila og upplýsingaskyldu stjórnmalasamtaka. Mikilvægt er að framboð kynni sér efni laganna vel.